


Byrjum umbætur í heilbrigðiskerfinu á réttum enda



Pálmi V. Jónsson og Sigurður Stefánsson

Aðsend grein úr Morgunblaðinu

Umbætur í heilbrigðisþjónustu við eldra fólk heima og eftir bráðaveikindi létta á heilbrigðiskerfi þjóðarinnar og geta dregið verulega úr álagi á sjúkrahúsþjónustu og þannig sparað verulega fjármuni. Skortur á hentugum og kostnaðarminni úrræðum fyrir eldra fólk heima leiðir til langrar dvalar á sjúkrahúsi, sem er langt umfram þann tíma sem þarf vegna bráðaveikinda. Sjúkrahús eru kostnaðarsöm og hönnuð með flóknari og dýrari heilbrigðisþjónustu í huga. Til að takast á við vanda heilbrigðiskerfisins þarf að byrja á réttum enda, sem er að stórefla þjónustu við eldra fólk sem býr heima.

Heilbrigðiskerfið undir þrýstingi, þrátt fyrir mikla fjármuni

Útgjöld ríkisins til heilbrigðismála eru nú þegar mjög há. Samkvæmt fjármálaáætlun nema þau um 433 milljörðum króna árið 2026, eða nærri þriðjung allra ríkisútgjalda. Ísland ver um 9% af vergri landsframleiðslu til heilbrigðismála, sem er svipað og meðaltal OECD-ríkja, á meðan aðrar Norðurlandabjóðir eru nær 10-11%. Þrátt fyrir þetta blasir við vaxandi skortur, lengri biðlistar og aukið álag. Vandinn snýst því ekki aðeins um meira fjármagn, heldur ekki síður hvernig því er varið.

Hlutfall 65 ára og eldri er enn tiltölulega lágt á Íslandi, um 16%, samanborið við um 20% hjá öðrum Norðurlandabjóðum. Þrátt fyrir það ber þessi hópur stóran hluta heilbrigðisútgjalda, enda eykst kostnaður hratt með aldri. Við rekum því þegar kerfi á svipuðum kostnaðargrunni og þjóðir með mun eldri íbúasamsetningu.

Uppbygging utan Landspítala forsenda sjálfbærni heilbrigðiskerfisins

Þróunin fram undan er krefjandi. Fólki yfir 75 ára aldri mun fjölga hratt, úr um 26 þúsund í um 45 þúsund til ársins 2040. Sá hópur ber um þriðjung heilbrigðiskostnaðar í sambærilegum löndum. Ljóst er að slík fjölgun mun hafa veruleg áhrif á álag og kostnað í heilbrigðiskerfinu hér á landi. Áætlað er að byggja þurfi nær 4.000 ný eða endurbætt hjúkrunarrými til ársins 2040. Án markvissrar

uppbyggingar og réttar þjónustu mun þessi þróun leiða til sívaxandi kostnaðar og aukins þrýstings á heilbrigðiskerfið. Rétt fjárfesting í innviðum á borð við heilbrigðisþjónustu er ekki kostnaður heldur sparnaður.

Heilbrigðiskerfið leitar til Landspítalans þegar fylla þarf í eyður, segir í skýrslu McKinsey-ráðgjafarfyrirtækisins frá 2021 þar sem fjallað er um framtíðarhlutverk Landspítalans. Stærsta eyðan í heilbrigðiskerfinu er þjónustan við eldra fólk heima. Uppbygging samfélagsþjónustu utan Landspítala er lykilforsenda fyrir sjálfbæru heilbrigðiskerfi.

Ódýrasti valkosturinn eftirsóttastur og bestur

Ef ekki verður brugðist við með markvissri uppbyggingu heilbrigðisþjónustu fyrir eldra fólk utan sjúkrahúss, er gert ráð fyrir í skýrslu McKinsey, að komur á göngudeildir Landspítalans aukist um nærri 23%, þörf fyrir rými aukist um 80%, þörf fyrir vinnuafli um 45% og kostnaður vaxi um 90%. Með öðrum orðum: ef ekki er brugðist við með uppbyggingu heilbrigðisþjónustu við eldra fólks utan Landspítala mun háskólasjúkrahúsið ekki rísa undir þeirri sérhæfðu þjónustu sem til er ætlast.

Að óbreyttu verður soun gríðarleg því kostnaðarsöm sérhæfð úrræði sjúkrahússins munu stíflast. Eitt rými á Landspítalanum kostar meira en 70 milljónir króna á ári í rekstri en rými á hjúkrunarheimili kostaði 23 milljónir árið 2025. Það að búa á eigin heimili og hafa greiðan aðgang að þeirri heilbrigðisþjónustu, sem þörf krefur á hverjum tíma, er kostnaðarminnsti valkosturinn og því bæði sá eftirsóttasti og besti. Þess vegna er mikilvægt fyrir samfélagið í heild, jafnt fjárhagslega sem félagslega, að styðja sjálfstæða búsetu ævina alla og efla heilbrigðisþjónustu í ýmsum myndum við eldra fólk heima.

Gunnarshólmi styrkir Landspítalann

Greinarhöfundar vinna að undirbúningi á metnaðarfullu verkefni sem tekst á við ofangreindar áskoranir. Áformað er að reisa nýtt hverfi í landi Kópavogs á Gunnarshólma við Hólmsá austan við Heiðmörk. Þar verða í boði 6 þúsund íbúðir fyrir fólk á þriðja æviskeiði með viðeigandi þjónustuinnviðum og áherslu á félagslega samveru og útivist. Þá verður samhliða ráðist í umfangsmikla uppbyggingu innviða í heilbrigðisþjónustu fyrir eldra fólk á stórhöfuðborgarsvæðinu en þar verður m.a. í boði sérhæfð lækniþjónusta fyrir eldra fólk sem býr heima en einnig heilsusetur með 600 skammtímarými fyrir andlega og líkamlega virkni og endurhæfingu auk 600 sérhæfðra hjúkrunarrýma fyrir fólk í varanlegri dvöl.

Uppbygging á Gunnarshólma er í fullu samræmi við niðurstöðu McKinsey-skýrslunnar um að lykilforsenda fyrir sjálfbæru heilbrigðiskerfi árið 2040 sé uppbygging heilbrigðisþjónustu fyrir eldra fólk heima og þróun sjálfstæðs heilsuseturs utan Landspítala, innviðir sem eru takmarkaðir eða ekki til staðar í dag. Með því að færa þjónustuna nær fólki, efla forvarnir og styðja við sjálfstæða búsetu má bæði auka lífsgæði og nýta fjármuni betur. Samhliða mun álag á Landspítala minnka og sjúkrahúsið fá aukið svigrúm til að sinna hlutverki sínu sem háskólasjúkrahús.

Pálmi V. Jónsson er lyf- og öldrunarlæknir og prófessor emeritus við Læknadeild HÍ og Sigurður Stefánsson er framkvæmdastjóri Aflvaka þróunarfélags ehf.

Fáðu fréttabréf

Daglegt fréttabréf Morgunblaðsins